

Nú í sumar bættust Heimspekitorg og UT-Torg í flóru torga sem tengjast MenntaMiðju.

Gengið var frá samkomulagi um samstarf MenntaMiðju og Heimspekitors Félags heimspekikennara fyrr í sumar. Á Heimspekitorgi er að finna margvíslegar upplýsingar um heimspekikennslu, verkefnabanka, tilkynningar tengdar starfsemi Félags heimspekikennara og áhugaverða viðburði á vegum félagsins eða sem tengjast heimspekikennslu með einum eða öðrum hætti.



UT-Torg MenntaMiðju var formlega opnað á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólabróun í dag, 14. ágúst, 2013. UT-Torgi er ætlað að styðja við og tengja saman þau fjölmörgu starfssamfélög sem hafa orðið til með aukinni notkun upplýsingatækni í skólastarfi, fagfélög og fræðasamfélagið.



Deildu þessu með vinum:

[Facebook](#)

[Reddit](#)

[Twitter](#)

[Google](#)

[Pinterest](#)